

**Ed.**

**535. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

- I. Að láta slá sjerstaka minnispeninga í tilefni af 1000 ára afmæli Alþingis 1930. Má með konungsúrskurði ákveða, að peningar þessir skuli vera skiftimynt, er gjaldgeng sje hjer á landi, og sje gildi þeirra 10 kr., 5 kr. og 2 kr.

- II. Að taka í sínar hendur umráð yfir leigubifreiðum, sem notaðar verða til þess að flytja hátíðargesti 1930 um Þingvallavegina og aðra vegi nærlendis, og ákveða hámark bifreiðataxta.
- III. Að taka í sínar hendur umráð herbergja í gistihúsum í Reykjavík og á Þingvöllum um allt að þriggja vikna skeið á sumrinu 1930, eftir því sem ríkisstjórnin tiltekur nánar, og ákveða hámarksverð á þeim.
- Heimilda þeirra, sem getur í II. og III. lið, skal þó ekki neyta nema nauðsyn krefji að dómi undirbúningsnefndar hátíðarinnar.

2. gr.

Brot gegn ráðstöfunum þeim, er gerðar kunna að verða samkvæmt II. og III. lið 1. gr., varða sektum, allt að 2000 kr., er renna í ríkissjóð. Skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.